

L Ö G

um breyting á lögum nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „17%“ í 1. mgr. 3. gr. laganna komi: 11%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til greiðslu kostnaðarhlutdeildar samkvæmt 3. gr. laganna frá og með 1. janúar 1970.

Ákvæði til bráðabirgða.

Af þessu tilefni skal Verðlagsráð sjávarútvegsins endurskoða lágmarksverð, sem gildi á árinu 1969 með gildistíma fram á árið 1970. Hið endurskoðaða lágmarksverð skal taka gildi frá og með 1. janúar 1970.

Gjört að Bessastöðum, 3. febrúar 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

9. febrúar 1970.

Nr. 5

L Ö G

um breyting á framfærslulögum, nr. 80 5. júní 1947.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 26. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í öðrum sveitarfélögum er sveitarstjórn með sama hætti heimilt að fela sérstöku félagsmálaráði framkvæmd framfærslumála í stað framfærslunefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. febrúar 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Emil Jónsson.

A 27¹